

Til Nefndasviðs Alþingis - Umhverfis og samgöngunefnd.

Varðandi frumvarp til umferðarlaga 179. mál.

Í frumvarpi til nýrra umferðalaga er ekki að finna skilgreiningu á reiðvegum eða neitt er varðar réttarstöðu ríðandi umferðar á skilgreindum reiðvegum, stígum eða slóðum og geri ég undirrituð alvarlegar athugasemdir við að svo sé ekki.

Ég rek hestaleiguna ÍSLENSKI HESTURINN í Reykjavík. Fer því með hópa á hverjum degi eftir reiðgötum og slóðum í Reykjavík, t.d. Hólmheiði og Rauðhóla. Gegnum starf mitt þekki ég mjög vel hvernig ástandið er. Hestaleiguna sækja bæði íslendingar sem koma t.d. á námskeið en lang flestir gesta okkar eru erlendir ferðamenn Hóparnir eru mjög misjafnir af reynslu og reiðgetu. En það gildir einu hvort um er að ræða vana eða óvana knapa -okkur stafar öllum hættu af vélknúnum ökutækjum á reiðvegi. Ég þekki því miður vel hvernig tilfinning það er að vera í útreiðartúr og fara fyrir stórum hópi farþega og heyrja svo skyndilega í mótorkross hjóli í nálægð! Þetta getur sett hestamenn í stórhættu. Öryggi þessara tveggja hópa er ekki jafnt farið hér, því hjólið getur ekki undir neinum kringumstæðum hræðst hestana.

Ég fór á fund Umferðarstofu á haustmánuðum og bauð fram krafta mína varðandi hugmyndir hvernig nálgast má hin ýmsu mál varðandi öryggi ríðandi umferðar. Þar var mér vel tekið en fékk að vita að umferð á reiðstígum heyrði ekki undir Umferðarstofu.

Ég tel þessi mál svo brýn og þekki þau afar vel. Því er ykkur velkomið að leita til mín varðandi þessi mál því ég tel best að fólk með þekkingu á málinu sé haft með í ráðum. Þá er ég að hugsa fram í tímann.

Það verður að rúmast í nýjum umferðarlögum ákvæði þess efnis að akstur vélknúinna ökutækja sé óheimill á skilgreindum reiðstígum og slóðum.

Virðingarfyllst
Bergljót Rist
kt. 280266-4349